

LÖG

um

44

31. maí

breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt
og þjóðleikhús.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-
fest þau með samþykki Voru:

1. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna
til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dans-
æfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje
aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

Eigandi húsnæðis þess, er dansleikur er haldinn í, ber ábyrgð
á greiðslu skattsins.

2. gr.

Orðin „er njóta opinbers styrks“ í b-lið 1. flokks falli burt.

Orðin „og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks“, í d-lið 2. flokks
falli burt.

3. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr flokkur:

3. flokkur.

Af hverju knattborði (billiard) fyrir almenning eða fjelög greið-
ist 30 kr. skemtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem
knattborðið er notað handa almenningi eða fjelögum. Gjaldldagi á skata-
inum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Skattinn greiðir eigandi knattborðs, enda er knattborðið að veði
fyrir skattinum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum í eitt ár frá
gjaldldaga skattsins.

Nú eru fleiri en eitt knattborð í sama húsnæði, og er þá nægilegt,
að eitt sje notað til að öll sjeu skattskyld.

44

31. maí

4. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

- d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sju fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

45

31. maí

LÖG

um

heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg, .

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafjelaginu Fáki“ í Reykjavík leyfi til 5 ára í senn til þess að reka veðmálastarf-